**Ed.** **617. Breytingartillögur** **[141. mál]**

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 22. gr.

a. Aftan við 1. mgr. bætist: Á meðan nemandi er frá vinnu vegna vinnustöðvunar, ber honum eigi kaup.

b. 2. málsgrein orðist svo:
Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna að dómi iðnfræðsluráðs, og getur þá hvor aðili fyrir sig slitið námssamningnum án frekari fyrirvara, og er nemanda þá heimilt óátalið að ráða sig hjá öðrum. Geri hann það eigi, og ætli iðnfræðsluráð, að hann missi verulega úr námi vegna vinnustöðvunarinnar, er því heimilt að framlengja námstímann eins og það telur þurfa, svo fullt nám náist.

c. Þriðja málsgrein falli niður.